



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar

Útboð nr. 16169 – Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík

Þann 12. ágúst síðastliðinn voru opnuð tilboð í EES útboð nr. 16169 „Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða Reykjavík“. Um er að ræða samkeppnisútboð á grundvelli a. og d. liðar 2 mgr. 33. gr. laga um opinber innkaup. Þessi útboð hafa verið einkar flókin til að mæta þörfum markaðarins hér á landi, sérstaklega til að viðhalda samkeppni og tryggja að það skapist ekki einokun á markaði. Undanfarin ár hefur verið mikil breyting í framkvæmd og utnumhaldi á allri vetrarþjónustu sem krefst nauðsyn þess að viðhafa samkeppnisútboð enda þekkja bjóðendur ekki nýtt fyrirkomulag og það eykur ávallt líkur á að bjóðendur skili inn ógildum tilboðum.

Útboðið snéri að kaupum á viðverutækjum og útkallstækjum fyrir vetrarþjónustu á göngu- og hjólaleiðum í Reykjavík á tímabilinu 2025–2026. Tvö fyrirtæki buðu í sex útboðshluta: Garðlist ehf. og Garðþjónusta Sigurjóns ehf. Tilboðsverð er heildarverð fyrir viðveru tækjanna og áætlaða vinnu. Hér er stutt samantekt af niðurstöðum tilboða, ítarlegri samantekt er að finna í viðhengi:

Útboðshluti 1 (pallbifreiðar 1,8–2,4 tonn, 2 tæki)

Bjóðendur í útboðshluta 1:

- Garðlist ehf.: 2 tæki á kr. 8.850.000,- stk. Samtals: 17.700.000 kr.
- Garðþjónusta Sigurjóns ehf.: 2 tæki á kr. 7.376.000,- stk. Samtals: 14.752.000 kr.

Lagt er til að samið verði við Garðþjónusta Sigurjóns ehf. (14.752.000 kr. – 63,86% af kostnaðaráætlun).

Útboðshluti 2 (2,8–3,7 tonn, 4 tæki – þjónustuflokkur 1a)

Bjóðendur í útboðshluta 2:

- Garðlist ehf.: 4 tæki á kr. 10.100.000,- stk. Samtals: 40.400.000 kr.

Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf. (40.400.000 kr. – 76,95% af kostnaðaráætlun).

Útboðshluti 3 (2,8–3,7 tonn, 11 tæki – þjónustuflokkar 1–4)

Bjóðendur í útboðshluta 3:

- Garðlist ehf.: 11 tæki á kr. 13.200.000,- stk. Samtals: 145.200.000 kr.
- Garðþjónusta Sigurjóns ehf.: 2 tæki á kr. 20.600.000,- stk. Samtals: 41.200.000 kr.

Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf. (145.200.000 kr. – 64,00% af kostnaðaráætlun).

Útboðshluti 4 (1,8–2,4 tonn, miðbær, 1 tæki)

Bjóðendur í útboðshluta 4:

- Garðlist ehf.: 1 tæki á kr. 12.525.000,- stk.
- Garðþjónusta Sigurjóns ehf.: 1 tæki á kr. 8.177.000,- stk. (tækið uppfyllti ekki kröfur).

Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf. (12.525.000 kr. – 108,44% af kostnaðaráætlun).

Útboðshluti 5 (1,5–2,1 tonn, miðbær, 1 tæki)

Bjóðendur í útboðshluta 5:



- Garðlist ehf.: 1 tæki á kr. 12.525.000,- stk.
- Garðapjónusta Sigurjóns ehf.: 1 tæki á kr. 8.177.000,- stk. (tækið uppfyllti ekki kröfur).

Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf. (12.525.000 kr. – 119,29% af kostnaðaráætlun).

Útboðshluti 6 (útkallstæki)

Ekki var gerð kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 6 og ekki var farið í úttekt á þeim búnaði sem boðinn er, enda ekki um viðverutæki að ræða. Bjóðendur stóðust báðir skoðun á fjárhag.

Lagt er til að samið verði við báða bjóðendur í útboðshluta 6, enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Niðurstaða

Heildarsamantekt á þá sem óskað er eftir að gengið sé til samninga við í útboðshluta 1–5

- Útboðshluti 1: Garðapjónusta Sigurjóns ehf. (14.752.000 kr. – 63,86% af kostnaðaráætlun).
- Útboðshluti 2: Garðlist ehf. (40.400.000 kr. – 76,95% af kostnaðaráætlun).
- Útboðshluti 3: Garðlist ehf. (145.200.000 kr. – 64,00% af kostnaðaráætlun).
- Útboðshluti 4: Garðlist ehf. (12.525.000 kr. – 108,44% af kostnaðaráætlun).
- Útboðshluti 5: Garðlist ehf. (12.525.000 kr. – 119,29% af kostnaðaráætlun).
- Útboðshluti 6: Garðlist ehf og Garðapjónusta Sigurjóns ehf, enginn áætlun um vinnu né skuldbinding af hálfu kaupanda að nota tæki sem boðinn eru í þennan útboðshluta.

Heildartilboð Garðlist ehf.: 228.350.000 kr. (boðnar upphæðir, þar af samþykkt 210.650.000 kr.)

Heildartilboð Garðapjónusta Sigurjóns ehf.: 72.306.000 kr. (boðnar upphæðir, þar af samþykkt 14.752.000 kr.)

Samtals samþykkt tilboð: kr. 225.402.000,-

Kostnaðaráætlun: kr. 324.525.000,-

Hlutfall: 69,46% af kostnaðaráætlun.

Heildarsamningsvirði með mögulegum framlengingum (allt að tvö ár, eitt ár í senn): kr. 667.206.000,-.

Virðingarfyllt,

Skrifstofustjóri skrifstofu borgarlandsins
Hjalti Jóhannes Guðmundsson



Reykjavíkurborg



Hjálagt:

- Fundargerð opunar
- Einingaverð í tímavinnu í útboðshluta 6

Árið 2025, þann 12. ágúst, kl. 10:00 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 16169 „Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða í Reykjavík“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á tilboðsfresti voru birtir tveir viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust frá:

1 Garðlist ehf.

2 Garðþjónusta Sigurjóns ehf.

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun tilboða lokið kl. 10:05

Útboðshluti 1. Viðverutæki í vetrarþjónustu – pallbifreið - 1,8 til 2,4 tonn

Garðlist ehf.	2 tæki	kr.8.850.000	stk
Garðþjónusta Sigurjóns ehf.	2 tæki	kr.7.376.000	stk

Útboðshluti 2. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 2,8 til 3,7 tonn – þjónustuflokkur 1a

Garðlist ehf.	4 tæki	kr.10.100.000	stk
---------------	--------	---------------	-----

Útboðshluti 3. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 2,8 til 3,7 tonn – þjónustuflokkar 1, 2, 3 og 4

Garðlist ehf.	11 tæki	kr.13.200.000	stk
Garðþjónusta Sigurjóns ehf.	2 tæki	kr.20.600.000	stk

Útboðshluti 4. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 1,8 til 2,4 tonn - miðbær

Garðlist ehf.	1 tæki	kr.12.525.000	stk
Garðþjónusta Sigurjóns ehf.	1 tæki	kr.8.177.000	stk

Útboðshluti 5. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 1,5 til 2,1 tonn - miðbær

Garðlist ehf.	1 tæki	kr.12.525.000	stk
Garðþjónusta Sigurjóns ehf.	1 tæki	kr.8.177.000	stk

Útboðshluti 6. tæki á útkallslista í vetrarþjónustu



Tafla inniheldur einingaverð sem óheimilt er að deila skv. 17.gr. laga um opinber innkaup. Er hún því sett í sér skjal sem trúnaðarmál.

Útboðshluti 1. Viðverutæki í vetrarþjónustu – pallbifreið - 1,8 til 2,4 tonn

Útboðshluti 1 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki, pallbifreiðar sem eru 1,8 til 2,4 tonn að þyngd, sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 30 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 2 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2025-2026.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 1 var kr.11.550.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 1 upp á kr.23.100.000,-.

Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. var lágstbjóðandi og bauð tvö tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðaþjónusta Sigurjóns ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í tvö tæki á kr.7.376.000,- stk. (63,86% af kostnaðaráætlun). Lágstbjóðandi stóðst skoðun á fjárhag. Lagt er til að samið verði við Garðaþjónustu Sigurjóns ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Heildarkostnaður samþykktra tilboða í útboðshluta 1 er sem hér segir:

- Garðaþjónusta Sigurjóns ehf.
 - o 2 tæki á kr.7.376.000,- hvert tæki.
 - o Samtals tilboð: kr.14.752.000,-

Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta er er þá samanlagt kr.14.752.000,- (63,86% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 1).

Útboðshluti 2. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 2,8 til 3,7 tonn – þjónustuflokkur 1a

Útboðshluti 2 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki, 2,8 til 3,7 tonn að þyngd, sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 30 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 4 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2025-2026.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 2 var kr.13.125.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 2 upp á kr.52.500.000,-.

Garðlist ehf. var eini bjóðandi í þennan útboðshluta og bauð fjögur tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðlist ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í fjögur tæki á kr.10.100.000,- stk. (76,95% af kostnaðaráætlun). Garðlist ehf. stóðst skoðun á fjárhag. Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Heildarkostnaður samþykktra tilboða í útboðshluta 2 er sem hér segir:

- Garðlist ehf.
 - o 4 tæki á kr.10.100.000,- hvert tæki.



- Samtals tilboð: kr.40.400.000,-

Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta er er þá samanlagt kr.40.400.000,- (76,95% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 2).

Útboðshluti 3. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 2,8 til 3,7 tonn – þjónustuflokkar 1, 2, 3 og 4
Útboðshluti 3 óskar eftir tilboðum í svokölluð viðverutæki, 2,8 til 3,7 tonn að þyngd, sem alltaf skulu vera til taks með að hámarki 30 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 11 slíkum tækjum í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2025-2026.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 3 var kr.20.625.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 3 upp á kr.226.875.000,-.

Garðlist ehf. var lægstbjóðandi og bauð ellefu tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðlist ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í ellefu tæki á kr.13.200.000,- stk. (64,00% af kostnaðaráætlun). Lægstbjóðandi stóðst skoðun á fjárhag. Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Heildarkostnaður samþykktra tilboða í útboðshluta 3 er sem hér segir:

- Garðlist ehf.
 - 11 tæki á kr.13.200.000,- hvert tæki.
 - Samtals tilboð: kr.145.200.000,-

Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta er er þá samanlagt kr.145.200.000,- (64,00% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 3).

Útboðshluti 4. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 1,8 til 2,4 tonn - miðbær

Útboðshluti 4 óskar eftir tilboðum í svokallað viðverutæki, 1,8 til 2,4 tonn að þyngd, sem alltaf skal vera til taks með að hámarki 30 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 1 slíku tæki í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2025-2026.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 4 var kr.11.550.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 4 upp á kr.11.550.000,-.

Garðþjónusta Sigurjóns ehf. var lægstbjóðandi og bauð eitt tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðþjónusta Sigurjóns ehf. stenst ekki kröfur útboðsgagna þar sem boðið tæki er of þungt miðað við þær kröfur sem gerðar voru í útboðsgögnum eða 2,54 tonn. Tilboð Garðþjónustu Sigurjóns hljóðaði upp á kr.8.177.000,- stk. (70,80% af kostnaðaráætlun).

Garðlist ehf. bauð eitt tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðlist ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í eitt tæki á kr.12.525.000,- stk. (108,44% af



kostnaðaráætlun). Garðlist ehf stóðst skoðun á fjárhag. Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Heildarkostnaður samþykktra tilboða í útboðshluta 4 er sem hér segir:

- Garðlist ehf.
 - o 1 tæki á kr.12.525.000,- hvert tæki.
 - o Samtals tilboð: kr.12.525.000,-

Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta er er þá samanlagt kr.12.525.000,- (108,44% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 4).

Útboðshluti 5. Viðverutæki í vetrarþjónustu – 1,5 til 2,1 tonn - miðbær

Útboðshluti 5 óskar eftir tilboðum í svokallað viðverutæki, 1,5 til 2,1 tonn að þyngd, sem alltaf skal vera til taks með að hámarki 30 mínútna útkallstíma, en samtals var óskað eftir 1 slíku tæki í þessu útboði og á tilboðsverð við um eitt mannað viðverutæki með búnaði yfir tímabil sem spannar vikur 46-13 á árunum 2025-2026.

Kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 5 var kr.10.500.000,- fyrir hvert viðverutæki í einn vetur og því hljóðar heildar kostnaðaráætlun fyrir útboðshluta 5 upp á kr.10.500.000,-.

Garðþjónusta Sigurjóns ehf. var lægstbjóðandi og bauð eitt tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðþjónusta Sigurjóns ehf. stenst ekki kröfur útboðsgagna þar sem boðið tæki er of breitt miðað við þær kröfur sem gerðar voru í útboðsgögnum eða 1,45m. Tilboð Garðþjónustu Sigurjóns hljóðaði upp á kr.8.177.000,- stk. (77,88% af kostnaðaráætlun).

Garðlist ehf. bauð eitt tæki í viðveru. Skoðun og yfirferð gagna staðfestu að Garðlist ehf. stenst kröfur útboðsgagna og er því lagt til að tilboði verði tekið í eitt tæki á kr.12.525.000,- stk. (119,29% af kostnaðaráætlun). Garðlist ehf stóðst skoðun á fjárhag. Lagt er til að samið verði við Garðlist ehf., enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.

Heildarkostnaður samþykktra tilboða í útboðshluta 5 er sem hér segir:

- Garðlist ehf.
 - o 1 tæki á kr.12.525.000,- hvert tæki.
 - o Samtals tilboð: kr.12.525.000,-

Heildarkostnaður vegna samþykktra tilboða í útboðshluta 5 er þá samanlagt kr.12.525.000,- (119,29% af heildar kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 5).



Útboðshluti 6. Tæki á útkallslista í vetrarþjónustu

Útboðshluti 6 óskar eftir tilboðum í tæki á útkallslista. Kaupandi mun raða bjóðendum upp í lista, frá lágstbjóðanda til hæstbjóðenda. Markmiðið hér er að hafa lista yfir fjölbreytt aukatæki þegar aðstæður eru þannig að viðverutæki samkvæmt útboðshlutum 1 – 5 anna ekki aðstæðum samkvæmt þjónustuviðmiðum.

Ekki var gerð kostnaðaráætlun vegna útboðshluta 6 og ekki var farið í úttekt á þeim búnaði sem boðinn er, enda ekki um viðverutæki að ræða. Bjóðendur stóðust báðir skoðun á fjárhag.

Lagt er til að samið verði við báða bjóðendur í útboðshluta 6, enda í samræmi við skilmála útboðsgagna.